

Sp. 398. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning byggingar stýrimanna- og vélstjóraskóla.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Finnur Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um byggingu nýs stýrimanna- og vélstjóraskóla í Reykjavík.

G r e i n a r g e r ð .

Flestar þjóðir keppast nú um að efla sem bezt atvinnuvegi sína, og þá sérstaklega með því að stuðla að því, að vöð sé á hæfum kunnáttumönnum í hverri grein. Svo sem kunnugt er, er sjávarútvegur og siglingar langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga og sá, sem mestar tekjur færir í þjóðarbúið. Þrátt fyrir þetta hefir ekki verið búið svo að menntunarstofnun þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda, að viðunanlegt geti talizt. Kennsla í stýrimanna- og vélstjórafræði fer nú fram í æfagömlu timburhúsi, sem vantar alla kosti nútíma skólahúss, og önnur aðstaða til kennslunnar er eftir því. Í þessum skólamálum erum við Íslendingar algerðir eftirbátar nágranna okkar, og það svo, að jafnvel Færeyingar munu eiga stýrimannaskóla, sem er miklu betur búinn að húsrúmi og tækjum til kennslunnar en okkar skóli. Öllum má vera það ljóst, að við svo búið getur ekki staðið, og verður því að vinda bráðan bug að því að bæta úr, og er þessi þingsályktunartillaga þess vegna fram komin.

Nánar í framsögu.